

# Vistvænn lífsstíll

— gagnrýnin innkaup

Úrgangur fylgir allri neyslu en hann er auðlind sem ætti ekki að sóa. Með markvissri flokkun er hægt að nýta flestar tegundir úrgangsefna sem hráefni í nýjar vörur.

Á hverjum degi stöndum við frammi fyrir ákvörðunum sem skipta máli fyrir umhverfið. Stórt skref í átt að vistvænni lífsstíl er að skoða sóun sem tengist lífsvenjum okkar og reyna að draga úr henni.

Stærsti hluti þess sem við hendum í sorptunnuna er eldhúsúrgangur og umbúðir af ýmsu tagi. Verum því gagnrýnin á innkaup. Skoðum hversu stór hluti af því sem við berum heim úr búðinni endar í ruslinu. Hvað fer af matvælum í ruslið og getum við dregið úr magninu? Getum við í einhverjum tilfellum valið vörur í minni eða engum umbúðum? Að búa til minna rusl ætti að vera forgangsráði og er besta leiðin til að draga úr umhverfisáhrifum sem fylgja öllum úrgangi.

## Ekkert til spillis í framtíðinni

— stefnt að meira en 95% nýtingu úrgangs frá heimilum

Í heimilissorpi er úrgangur sem seint verður flokkaður og safnað sérstaklega, s.s. bleiur, dömubindi, gæludýraúrgangur og fleiri lífræn efni.

Framkvæmdir eru hafnar vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar höfuðborgarsvæðisins sem hentar fyrir allan lífrænan úrgang. Áætlað er að stöðin verði komin í gagnið í byrjun ársins 2020 og mun metanframleiðsla SORPU duga sem eldsneyti á um 8.000 bíla og 12.000 tonn af jarðvegsbæti sem nýta má til uppgæðslu lands.

Framleiðsla á jarðvegsbæti af bestu gæðum krefst aukinnar flokkunar og vinnslu á gleri, steinefnum, plastúrgangi og spilliefnum. Söfnun á gleri er nú á flestum grenndarstöðvum. Hægt er að skoða staðsetningu glergáma á [sorpa.is](http://sorpa.is).

## Góði hirðirinn

— þar sem notað er nýtt


Góði hirðirinn er nytjamarcaður SORPU og þar öðlast gamlir munir nýtt líf. Í Góða hirðinum má fá allt milli himins og jarðar svo framarlega sem það hefur borist í nytjagáma á endurvinnslustöðvum. Allur ágóði af sölu muna rennur til góðgerðarmála.

Efnismiðlun Góða hirðisins er staðsett á endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða. Efnismiðlunin er markaður með notað byggingarefni og vörur sem geta nýst til framkvæmda og listsköpunar.

Góði hirðirinn og Efnismiðlun Góða hirðisins eru á Facebook þar sem hægt er að nálgast nánari upplýsingar um uppboð og tilboð.

Góði hirðirinn	Virkir dagar	Laugardagar	Sunnudagar
Fellsmúla 28, Reykjavík	12.00–18.00	12.00–16.00	Lokað
<b>Efnismiðlun Góða hirðisins</b>			
Sævarhöfða 21, Reykjavík	12.00–17.30*	12.00–17.30	Lokað

\*Lokað á mánudögum og þriðjudögum frá 1. október–30. apríl.



## Flokkunarvefur SORPU

— ítarlegar upplýsingar um flokkun úrgangs, gjaldskyldu og starfsstöðvar

Á [sorpa.is](http://sorpa.is) geta notendur nú auðveldlega slegið inn leitarorð og er þá beint inn í viðeigandi úrgangsflokk. Þar má sjá hvert hægt er að skila mismunandi flokkum og staðsetningu grenndarstöðva og starfsstöðva á korti. Einnig má skoða yfirlitsmyndir af endurvinnslustöðvum og sjá hvar tiltekinn úrgangsflokk er að finna innan stöðvanna.

## Árangur í umhverfismálum

SORPA er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sér um móttöku úrgangs frá þeim. Fyrirtækið er rekið án hagnaðarsjónarmiða og með umhverfi og hagkvæmni að leiðarljósi.

SORPA kemur úrgangi í réttan farveg; til endurnotkunar, endurvinnslu eða förgunar. Sorphirða og útvegur sorpílata er á vegum sveitarfélaganna.

Minnkum umfang úrgangs áður en honum er skilað og stuðlum að betri nýtingu gáma, minni akstri, minni umhverfisáhrifum og lægsta mögulega kostnaði fyrir almenning.

## Stöðvar á höfuðborgarsvæði

Sex endurvinnslustöðvar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þar er tekið við á fjórða tug úrgangsflokka. Auk þess eru um 85 grenndarstöðvar á svæðinu þar sem eru gámar fyrir 2–5 úrgangsflokka. Bent er á móttökustöðina í Gufunesi og urðunarstaðinn í Álfsnesi fyrir stærri farma.


Endurvinnslustöðvar	Virkir dagar	Helgar
Ánanaustum, Reykjavík*	12.00–18.30	12.00–18.30
Jafnaseli 8, Reykjavík	12.00–18.30	12.00–18.30
Sævarhöfða 21, Reykjavík*	12.00–18.30	12.00–18.30
Breiðhelli 8–10, Hafnarfirði*	8.00–18.30	12.00–18.30
Dalvegi 1, Kópavogi	12.00–18.30	12.00–18.30
Blíðubakka, Mosfellsbæ*	12.00–18.30	12.00–18.30

\*Stórar og rúmgóðar stöðvar

SORPA | Gyflaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | [sorpa@sorpa.is](mailto:sorpa@sorpa.is)

5. útgáfa í maí 2019

Vinsamlegar ábendingar um flokkun fyrir heimili



[sorpa.is](http://sorpa.is)

SORPA

# Viðhöldum hringrás efna í náttúrunni

— flokkum og skilum til SORPU

## Nytjahlutir



### Flokkið

Alla hluti sem enn eru nothæfir og seljanlegir, t.d. húsgögn, raftæki, borðbúnað, bækur, leikföng o.s.frv.

### Skilið

Vel frágengnu í nytjagáma á endurvinnslustöðvum. Athugið að smærri hlutum þarf að pakka svo þeir þoli flutninginn.

Efnið fer til endurnotkunar og endursölu í Góða hirðinum.

Gamlir, nothæfir hlutir geta auðveldlega öðlast nýtt líf í Góða hirðinum.

Árlega fara á bilinu 500–1000 tonn af húsbúnaði til nýrra eigenda í gegnum markaðinn.

Allur ágóði af sölu Góða hirðisins rennur til góðgerðamála.

**Hægt er að skila nothæfu byggingarefni og vörum sem geta nýst til framkvæmda og listsköpunar í Efnismiðlun Góða hirðisins á Sævarhöfða.**

## Föt og klæði



### Flokkið

Allar vefnaðarvörur, t.d. fatnað, yfirhafnir, gluggatjöld, áklæði, teppi, rúmfatnað, handklæði, sængur, kodda, púða o.fl.

**Efnið má vera rífið og slitið.**

### Skilið

Í lokuðum plastpokum í grenndargáma Rauða krossins og á endurvinnslustöðvar.

Efnið fer til endurnotkunar og endurvinnslu á vegum Rauða kross Íslands.

Áætla má að um 9.500 milljónir lítra sparist árlega af vatni vegna endurnýtingar á fötum og klæði sem skilað er til SORPU.

Ef allir Íslendingar keyptu eina notaða ullarflík á ári í stað nýrrar myndi það spara 10 milljónir lítra af vatni og 2,9 tonn af kemískum litum.

## Pappír og pappi



### Flokkið

Allar pappírs- og pappambúðir, t.d. fernur, pakkingar undan matvælum og pítsukassa, dagblöð og tímarit, auglýsingapóst og prentpappír.

### Skilið

Í bláu tunnuna, grenndargáma eða á endurvinnslustöðvar.

Efnið fer til Svíþjóðar og verður m.a. að nýjum umbúðum, dagblaðapappír eða salernispappír.

**Skilum umbúðum hreinum og án aðskotahluta.**

Umhverfisáhrifa vöru gætir allan þann tíma sem hún er í umferð. Vörur og umbúðir innihalda að jafnaði aðeins um 5% af þeim efnum sem til þurfti í framleiðslu þeirra og flutning á milli staða.

Hvert tonn af pappír sem fer til endurvinnslu sparar um 26.000 lítra af vatni og 17 tré.

## Plast



### Flokkið

Allar plastumbúðir og annað plast, t.d. bakka, brúsa, poka, dollur o.fl.

### Skilið

Í grenndargáma eða á endurvinnslustöðvar.

Efnið er ýmist nýtt til endurvinnslu eða orkuvinnslu í Svíþjóð.

**Skilum umbúðum hreinum og án aðskotahluta.**

Pressum saman til að minnka rúmmál, það sparar pláss og dregur úr akstri.

Fyrir hvert kg af plasti sem fer til endurvinnslu sparast 2 kg af olíu.

## Flöskur og dósir



### Flokkið

Umbúðir fyrir allar drykkjarvörur sem hægt er að neyta beint, t.d. áldósir, plast- og glerflöskur undan söfum, gosi og áfengum drykkjum. **Þó ekki mjólkurvörur!**

### Skilið

Á valdar endurvinnslustöðvar. Upplýsingar um móttöku og endurgreiðslu skilagjalds eru á [sorpa.is](http://sorpa.is).

Á endurvinnslustöðvum og ýmsum grenndarstöðvum eru sérstakir gámar ef fólk vill gefa umbúðirnar til styrktar góðu málefni.

**Skilagjaldsskyldar umbúðir jafngilda peningum — ekki henda verðmætum!**

Gamlar dósir verða nýjar og úr plastflöskunum er framleiddur flísfatnaður og pólýesterull. Glerflöskur nýtast sem undirstöðuefni í landmótun og vegagerð.

Endurvinnsla á einni plastflösku sparar orku til að knýja 60 W peru í 6 klst. Endurvinnsla á áldós sparar rafmagn sem dugar sjónvarpstæki í 3 klst.

## Málmar



### Flokkið

Allar tegundir málma, t.d. járn, kopar, blý, brons, stál, ryðfrítt stál, látún og ál. Niðursuðudósir, álpappír, álbakka og málmlok af krukum, handverkfæri, sprittkertakoppa, rafmagnsvíra og muni að hluta eða alveg úr málm.

### Skilið

Á endurvinnslustöðvar eða í lausu í orkutunnu (sorpunnu).

Málmar eru flokkaðir vélrænt frá öðrum heimilisúrgangi í móttöku- og flokkunarstöð.

Málmar eru verðmæti sem má endurvinnna aftur og aftur með tilheyrandi umhverfislegum ávinningi.

Endurvinnsla á blönduðum málm sem berst til SORPU á hverju ári sparar orku sem jafngildir rafmagnsnotkun um 30.000 heimila.

## Gler og steinefni



### Flokkið

Allt sem er úr gleri eða er hægt að skilgreina sem óvirk steinefni, sem brotna ekki niður.

T.d. glerkrukkur og ílát, spegla, flísar, steinsteypu, grjót, múrsteina, hellur, keramikmuni og postulín.

### Skilið

Á endurvinnslustöðvar.

Efnið er gjaldskylt ef það er frá framkvæmdum.

Hægt er að skila glerumbúðum á flestar grenndarstöðvar.

## Finnur þú ekki það sem þú ert að leita að?

Kíktu á [sorpa.is](http://sorpa.is) þar sem nánar er fjallað um mismunandi úrgangstegundir.

Efnið kemur í staðinn fyrir mól við fyllingar. Þannig er dregið úr námugreftri og þeim áhrifum sem slíkt hefur á umhverfið.

**Sjá staðsetningu þeirra grenndargáma sem taka við gleri á [sorpa.is](http://sorpa.is).**

## Lífrænn úrgangur



Matarleifar og afgangar, bréfpurrkur, bleiur, gæludýraúrgangur o.fl. fer í orkutunnuna (sorpunnuna).

Efnið er urðað í Álfsnesi.

Í byrjun ársins 2020 er ætlunin að efnið fari í jarðgerð og metanvinnslu í gegnum nýja gas- og jarðgerðarstöð.

Metani (CH<sub>4</sub>) sem myndast við niðurbrot lífræns efnis á urðunarstaðnum er safnað og það notað sem eldsneyti á bíla. Metan er eina umhverfisvottaða eldsneytið á Íslandi og ber norræna umhverfismerkið Svaninn. Akstur þeirra 1.400 ökutækja sem nú nota metan mengar samanlagt aðeins á við 13 bensínbíla.

Heimajarðgerð úr lífrænum úrgangi skilar fyrirtaks jarðvegsbæti í garðinn. Þannig viðhaldast næringarefni í hringrás náttúrunnar.

## Spilliefni og raftæki



### Flokkið

Rafhliðður, spreibrúsa, hreinsiefni, málningu, olíuefni, ljósaperur, ónýt raftæki o.fl.

### Skilið

Í spilliefna- og raftækjagáma á endurvinnslustöðvum.

Nánari upplýsingar um flokkun spilliefna og raftækja eru á [sorpa.is](http://sorpa.is).

Efnin eru flokkuð og þeim komið til eyðingar eða endurvinnslu.

Réttar merkingar á ílátum auðvelda flokkun spilliefna og stuðla að öruggri eyðingu þeirra.

**Athugið að lyf ættu aldrei að fara með almennum heimilisúrgangi. Þeim ber að skila í apótek.**